



Leiðbeiningar um notkun Akstursíþróttarsvæði AÍH.

Við akstur, æfinga eða keppna á brautinni skal ávallt fylgja þeim reglum sem settar eru fram af AÍH, brot á þeim reglum geta varðað sektum til þeirrar deildar sem á í hlut.

Almennt:

Ávallt skal vera ábyrgðarmaður sem fer með mál deildar/aðila á staðnum og skal hann sjá um að framfylgja reglum AÍH og jafnframt skal hann geta gert grein fyrir þeim atriðum sem kunna koma upp.

Geymsla/Gámur sem hefur að geyma vörur, verkfæri og búnað AÍH og deilda, er öllum óviðkomandi nema Skipuleggjanda viðburðar, stjórnarmanna deilda og keppnisstjórnar hverju sinni. Almennir starfsmenn, keppendur eða aðrir utanaðkomandi eiga ekki að koma þar inn. Við leigu eru þessar eigur AÍH undanskildar.

Þegar viðburður er skulu eftirfarandi hlutir vera á staðnum.

1. Sjúkrakassi/Sjúkrapúði
2. Slökkvitæki
3. Sími
4. Afrit af starfsleyfi
5. Afrit af tryggingaskírteini

Deildir/Aðilar sem skipuleggja viðburði á svæðinu verða að hafa nægjanlegan fjölda starfsmanna til að:

1. Stjórna áhorfendum
2. Stjórna umferð í brautinni
3. Hafa eftirlit með framkvæmd viðburðar á svæðinu.

ATH. að öllum starfsmönnum verður að kynna notkun slökkvitækja og hvernig á að bregðast við þeim atburðum sem kunna að gerast á meðan á viðburði stendur.

Allir starfsmenn brautar eiga vera klæddir í vesti merkt AÍH til aðgreiningar frá ljósmyndurum eða öðru fólki.

Undir engum kringum stæðum má leyfa umferð tækja eða gangandi fólks inn í brautinni á meðann viðburði stendur.

Reykingar í braut eða á pittsvæði er bannaðar og skal starfsfólk framfylgja því.

Drykkja áfengra drykkja er bönnuð í braut eða á pittsvæði og skal starfsfólk framfylgja því.

Sorp, flöskur ofl. skal setja í þar tilgerðar tunnur á svæðinu eða poka sem starfsfólk útvegar.

Hafa skal sértstakt eftirlit með dýrum sem kunna koma með fólki, öll dýr skulu vera í taum og fjarri öllum tækjum á meðan akstri stendur. Gæta skal þess að viðkomandi valdi dýrinu ef eitthvað kynni að koma uppá.

Ljósmyndarar í braut:

1. Ljósmyndari skal vera með ljósmyndapassa útgefinn af AÍH og skal hann hafa ártal sama árs.
2. Ljósmyndari skal vera klæddur í skærgult/grænt vesti merkt ljósmyndari.
3. Ljósmyndarar eiga fara í einu og öllu eftir því sem starfsmenn AÍH eðadeilda segja
4. Fari ljósmyndari ekki eftir leiðbeiningum starfsmanna skal vísa honum úr braut og taka ljósmyndapassa til vörslu og afhenda stjórnamanni AÍH ásamt skýrslu um umrætt mál.

Akstur:

Ábyrgðarmaður þess viðburðar sem er hverju sinni skal hafa alla umsjón með akstri í brautinni, skal hann haga akstri þannig að enginn hætta steðji að öikumönnum, starfsfólki eða áhorfendum. Telji hann að einhverjum fyrirnefndu stafi hætta skal umsvifalaust stöðva akstur.

Öll slys sem kunna gerast við framkvæmd viðburðar skal umsvifalaust tilkynna til 112 og svo til næsta stjórnarmanns AÍH.

Ábyrgðarmaður, stjórnandi eða keppnisstjóri skal hafa öll þau gögn til staðar sem yfirvöld kunna vilja skoða ef um slys er að ræða.

Loka skal innakstri inn á brautina áður en viðburður hefst til að koma í veg fyrir allan óviðkomandi akstur á brautinni.

Akstur til og frá viðburði skal vera háttáð samkvæmt lögum, öll tæki sem kunna brjóta umferðarlög á meðan þau eru færð til keppni eðaviðburðar skal vísa frá.

Allur akstur sem veldur tjóni eða spjöllum á braut eða umhverfi brautar skal umsvifalaust stöðva og skal gera viðeigandi ráðstafanir svo slíkt gerist ekki aftur.

Allt það tjón sem hlýst af þátttakenda kann að vera skaðabótaskyld af honum.

Spól eða dekkjahitanir í kyrrstöðu eru BANNADAR, það tjón sem getur orðið af slíku er skaðabótaskyld af viðkomandi aðila.

Frágangur:

Keppendur eða þátttakendur í viðburðum á svæðinu er skyldt að taka allt rusl eða leifar sem frá þeim kemur með sér af svæðinu.

Sú deild sem skipuleggur viðburð skal fara yfir svæðið að loknum viðburð og hreinsa það sem eftir liggur.

Keilur eða annað sem er í eigu AÍH eða deilda skal ganga frá inn í geymslu að lokinni notkun þeirra. Tunnur og aðrir stærri hlutir sem eru notaðir til merkinga skulu færð þannig að öðrum ökutækjum stafi ekki hætta af þeim.

Gæta skal þess að læsa húsum, gám og hliði að loknum viðburði.



2011